Fullgild rafræn undirskrift
JÓN ATLI BENEDIKTSSON
Kennitala: 190560-4309
2023-05-30 09:07:47 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Háskóli Íslands

## 17-201

# Ársreikningur 2022

## Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla rektors ........................................................................................ | **2** |
| Áritun rektors ........................................................................................ | **4** |
| Yfirlit um afkomu ársins ........................................................................ | **5** |
| Efnahagsreikningur ................................................................................ | **6** |
| Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................. | **7** |
| Skýringar ................................................................................................ | **8** |



**Háskóli Íslands**

**kt. 600169-2039**

**Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík**

## Skýrsla rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er Háskóli Íslands sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum og þekkingarleit á sviði vísinda. Háskólinn miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar.

Meginskipulagseiningar Háskólans eru fimm fræðasvið í alls 26 deildum og sameiginleg stjórnsýsla. Kjarninn í starfi Háskóla Íslands liggur í námi og kennslu tæplega 15.300 nemenda skólans, rannsóknum sem innan hans eru unnar og virkri þátttöku hans í íslensku samfélagi og menningarlífi. Sérstaða skólans liggur m.a. í breiðu námsframboði og fjölbreyttum möguleikum nemenda hans til þverfræðilegrar nálgunar í námi. Við Háskóla Íslands eru kenndar fjölmargar greinar sem ekki eru kenndar annars staðar hérlendis og nemendahópurinn er fjölbreyttur.

Innan Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum og er þar nýsköpun og hagnýting rannsókna í öndvegi. Innan háskólans eru rannsóknastofnanir sem vinna í nánum tengslum við aðrar innlendar vísindastofnanir, fyrirtæki og stofnanir. Vísinda- og nýsköpunarstarf Háskóla Íslands hefur skapað skólanum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi og opnað dyr að margskonar rannsóknasamstarfi. Háskólinn er aðili að Samtökum evrópskra háskóla (EUA), Samtökum norrænna háskóla (NUS) og AURORA samstarfsneti 11 evrópskra háskóla sem tekur til kennslu, rannsókna og stjórnsýslumálefna.

Háskólinn á eignarhluta í Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf. og Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf. Háskólinn hefur í samráði við stjórnvöld unnið að undirbúningi félags um fasteignir Háskólans frá því snemma árs 2019 og var félagið stofnað um mitt ár 2021. Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf. var stofnað árið 2022 en hlutverk þess er að halda utan um eignarhluti Háskólans í sprotafyrirtækjum.

Háskólinn er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og í nánu samstarfi við atvinnulíf og helstu stofnanir samfélagsins á sviði heilbrigðis-, félags-, umhverfis-, náttúru- og sjálfbærni-, mennta- og menningarmála. Þar má sem dæmi nefna náið samstarf við Landspítala, samstarf við Veðurstofu Íslands, Þjóðminjasafn, Landsbókasafn – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar, Hjartavernd, Íslenska erfðagreiningu o.s.frv. Þá starfar Háskólinn í nánum tengslum við önnur skólastig í margs konar vísindamiðlunarverkefnum.

Ný stefna Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, leit dagsins ljós sumarið 2021. Stefnan, sem ber yfirskriftina *Betri háskóli - betra samfélag* , felur í sér fjórar lykiláherslur í þróun skólans næstu fimm árin, þar sem Háskólinn leggur áherslu á að vera:

- opinn og alþjóðlegur,
- að starfsemin einkennist af sjálfbærni og fjölbreytileika,
- að afl skólans byggi á ríkum gæðum náms og kennslu, rannsókna og í allri starfsemi,
- að skólinn sé góður vinnustaður.

Innleiðing stefnunnar felur í sér tvo megin strauma. Annars vegar snýst innleiðingin um þróun starfseminnar þar sem unnið er stöðugt að því að efla gæði og innleiða umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar. Hins vegar er um að ræða umbætur starfseminnar með tíu verkefnastofnum sem byggja á megináherslum og markmiðum stefnunnar og verða innleiddir yfir stefnutímabilið. Þetta endurspeglast í starfsáætlunum fræðasviða og miðlægrar stjórnsýslu. Nánari upplýsingar um stefnu Háskóla Íslands má finna á https://www.stefna.hi.is\

Á árinu 2022 var gefin út sjálfbærniskýrsla Háskóla Íslands fyrir árið 2021, en skýrslan er fyrsta sinna tegundar hjá íslenskum háskólum. Í skýrslunni er horft yfir víðfermt starf Háskólans út frá sjálfbærni, þ.m.t. heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skýrsluna má finna á https://www.hi.is/haskolinn/sjalfbaerniskyrslur_hi

Við Háskólann eru ríflega 1.480 ársverk sem sinna kennslu, rannsóknum, þjónustu við nemendur og rekstri og stjórnsýslu skólans. Auk þess taka sérfræðingar skólans virkan þátt í samfélagsumræðu og veita ráðgjöf til stofnana og atvinnulífs. Þá leggja um 3.000 stundakennarar (um 166 ársverk 2022) úr atvinnulífi af mörkum við kennsluna.

Endurmenntun starfsfólks er sinnt með margvíslegum hætti, s.s. með rannsóknamisserum akademísks starfsfólks, námsleyfum annars starfsfólks ásamt margs konar þjálfun, námskeiðum og fyrirlestrum. Um 100 akademískir starfsmenn fara í rannsóknamisseri árlega, flestir í eitt misseri og 7 starfsmenn stjórnsýslu skólans og fræðasviða nýttu sér rétt til námsleyfis 2022.

Nokkrar lykiltölur um starfsemi Háskóla Íslands:

- Fjöldi nemenda sem stundaði nám við Háskóla Íslands 20. október 2022 var 13.967.
- Ársnemar voru 9.521 almanaksárið 2022, miðað við þreyttar einingar.
- Í hópi nemenda í grunnnámi (BA/BS/BEd) eru konur 65,3% og karlar 34,6% og kynsegin 0,1%, í námi á meistarastigi eru konur 69,2% og karlar 30,7% og kynsegin 0,1% og í doktorsnámi eru konur 60,5% og karlar 39,5%.
- Brautskráningar almanaksárið 2022 voru 3.493, þar af 87 úr doktorsnámi
- Við skólann eru í boði um 360 (420 með diplómanámi 2022) námsleiðir á grunn-, meistara- og doktorsstigi, á fimm fræðasviðum (Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði), í alls 26 deildum og nokkrum þverfræðilegum námsleiðum.
- Af birtingum fræðigreina Háskólans eru 75% í samvinnu við erlenda háskóla og vísindastofnanir
- Um 80% akademísks starfsfólks er með doktorspróf.
- Í hópi akademísks starfsfólks eru konur 51% og karlar 49%. Kynjaskiptingin í hópi annars starfsfólk skólans er þannig að karlar eru 39% hópsins en konur 61%.

# Áritun rektors

Háskóli Íslands er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum. Samanburðartölur eldra árs í ársreikningi eru frá fjárlagalið 02-201.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 31.234,3 milljónir og afkoma af reglulegri starfsemi kr. 16,9 milljónir.

Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu kr. 118,2 milljónir sem skýrast að mestu af gengishagnaði upp á kr. 87 milljónir. Afkoma af rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaga nam kr. 148,2 milljónum. Skýrist það nær eingöngu af kr. 148,4 milljóna hlutdeild í afkomu Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. sem er að stærstum hluta í eigu Háskóla Íslands. Hér er um reikningshaldslega afkomu að ræða og þessu fylgja ekki raungreiðslur eða handbært fé.

Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7.791,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 25.462,0 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Háskóla Íslands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Háskóla Íslands fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Jón Atli Benediktsson
Háskólarektor

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 21.390.200.000 | 18.758.703.000 |
| Seld vara og þjónusta | 3 | 2.516.881.003 | 2.662.517.018 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 6.535.752.611 | 4.932.983.447 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 791.490.467 | 531.185.371 |
| **Tekjur samtals** | | 31.234.324.081 | 26.885.388.836 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 21.037.441.133 | 19.810.907.844 |
| Framlög og tilfærslur | 6 | 1.165.055.828 | 1.300.941.342 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 8.223.454.771 | 4.888.282.916 |
| Afskriftir | 8 | 791.490.467 | 531.185.371 |
| **Gjöld samtals** | | 31.217.442.199 | 26.531.317.473 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 16.881.882 | 354.071.363 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 9 | 130.316.881 | 28.020.987 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 10 | (12.029.638) | (146.251.134) |
| | | 118.287.243 | (118.230.147) |
| **Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur** | | 135.169.125 | 235.841.216 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga | 13 | 148.202.769 | 898.935.718 |
| **Afkoma ársins** | | 283.371.894 | 1.134.776.934 |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur | | 1.249.827.722 | 2.220.918.276 |
| Rekstrartilfærslur | | (966.455.828) | (1.086.141.342) |
| | | 283.371.894 | 1.134.776.934 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 1.842.030.672 | 1.797.852.217 |
| Farartæki og vélar | | 54.911.476 | 59.788.334 |
| Fasteignir | | 1.794.025.166 | 1.888.767.626 |
| Verk í vinnslu, fasteignir | | 346.807.729 | 128.586.522 |
| Verk í vinnslu, áhöld, tæki og búnaður | | 439.059.032 | 166.003.544 |
| Aðrar eignir | | 37.959.072 | 71.059.714 |
| | | 4.514.793.147 | 4.112.057.957 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Langtímakröfur | 12 | 730.506.258 | 693.875.413 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 13 | 5.410.528.168 | 5.261.825.399 |
| | | 6.141.034.426 | 5.955.700.812 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 10.655.827.573 | 10.067.758.769 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 14 | 526.765.707 | 569.306.212 |
| Tengdir aðilar | 15 | 6.471.861.783 | 4.181.642.093 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 16 | 358.198.661 | 1.045.985.126 |
| Handbært fé | 17 | 7.449.358.244 | 6.126.387.563 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 14.806.184.395 | 11.923.320.994 |
| **Eignir samtals** | | 25.462.011.968 | 21.991.079.763 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 18 | | |
| Hrein eign | | 7.791.712.945 | 7.508.341.051 |
| **Eigið fé samtals** | | 7.791.712.945 | 7.508.341.051 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 15 | 3.114.152.784 | 393.375.858 |
| Viðskiptaskuldir | 19 | 688.053.255 | 492.013.213 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 20 | 6.329.747.996 | 6.456.951.212 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 21 | 7.538.344.988 | 7.140.398.429 |
| | | 17.670.299.023 | 14.482.738.712 |
| **Skuldir samtals** | | 17.670.299.023 | 14.482.738.712 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 25.462.011.968 | 21.991.079.763 |
| **Aðrar upplýsingar** | 22 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ............ | | 283.371.894 | 1.134.776.934 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir ............ | 8 | 791.490.467 | 531.185.371 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára ............ | | (791.490.467) | (531.185.371) |
| Verðbætur og gengismunur ............ | | (36.630.845) | (23.059.307) |
| Niðurfærsla hlutafjár ............ | | 0 | 84.164.974 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélags ............ | | (148.202.769) | (898.935.718) |
| | | 98.538.280 | 296.946.883 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur ............ | | 730.326.970 | (321.333.530) |
| Tengdir aðilar ............ | | 430.557.190 | (2.108.086.712) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir ............ | | 68.836.826 | 1.277.318.147 |
| | | 1.229.720.986 | (1.152.102.095) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.328.259.266 | (855.155.212) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð á eignarhlut í öðru félagi ............ | | (500.000) | 0 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna ............ | 11 | (1.194.225.703) | (822.623.284) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna ............ | | 137.118 | 0 |
| | | (1.194.588.585) | (822.623.284) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag ............ | | 414.300.000 | 536.700.000 |
| Framlög til fjárfestinga frá HHÍ ............ | | 775.000.000 | 940.000.000 |
| | | 1.189.300.000 | 1.476.700.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 1.322.970.681 | (201.078.496) |
| Handbært fé í byrjun árs ............ | | 6.126.387.563 | 6.327.466.059 |
| **Handbært fé í árslok** | | 7.449.358.244 | 6.126.387.563 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur samanstanda í meginatriðum af framlögum frá þriðja aðila og eru þau tekjufærð við móttöku að öðru leyti en framlög sem skilyrt eru um að vera til fjárfestinga eru tekjufærð með sama hætti og fjárveitingar til fjárfestinga.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.
Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## Skýringar

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................................................... | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ..................................................................................................................... | 8-15 ár |
| Aðrar eignir ............................................................................................................................... | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

## Skýringar

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 21.390.200.000 | 18.758.703.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 791.490.467 | 531.185.371 |
| | 22.181.690.467 | 19.289.888.371 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 21.037.600.000 | 198.600.000 | 21.236.200.000 |
| Launabætur | 154.000.000 | 0 | 154.000.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **21.191.600.000** | **198.600.000** | **21.390.200.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (20.089.975.047) | (1.165.055.828) | (21.255.030.875) |
| Hlutdeildartekjur | 148.202.769 | 0 | 148.202.769 |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **1.249.827.722** | **(966.455.828)** | **283.371.894** |

**3 Seld vara og þjónusta**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Sala á vöru og þjónustu | 983.621.512 | 1.095.337.491 |
| Sérfræðiþjónusta | 327.533.084 | 416.650.665 |
| Umboðs- og sölulaun | 4.129.654 | 5.262.440 |
| Vörusala | 44.946.169 | 43.449.156 |
| Verksala | 353.028.301 | 345.612.603 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 49.763.369 | 52.855.245 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 26.257.439 | 21.567.611 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 727.601.475 | 681.781.807 |
| | 2.516.881.003 | 2.662.517.018 |

**4 Framlög og ýmsar tekjur**

| | | |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 102.956.852 | 63.472.354 |
| Afnotagjöld | 36.140.754 | 26.630.738 |
| Kostnaðarhlutdeild | 823.795.426 | 276.991.033 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 3.908.100.011 | 2.526.164.259 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 1.644.641.233 | 2.025.701.726 |
| Ýmsar tekjur | 20.118.335 | 14.023.337 |
| | 6.535.752.611 | 4.932.983.447 |

**5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 17.200.569.135 | 16.155.125.078 |
| Orlof, breyting | 44.488.604 | 145.193.096 |
| Önnur launagjöld, ótalin annars staðar | (7.330.527) | 5.742.907 |
| Launatengd gjöld | 3.743.378.276 | 3.465.654.288 |
| Starfsmannakostnaður | 56.335.645 | 39.192.475 |
| | 21.037.441.133 | 19.810.907.844 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 1711,0 | 1681,8 |

## Skýringar

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **6 Framlög og tilfærslur** | | |
| Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta | 376.022.982 | 506.996.781 |
| Rekstrartilfærslur aðrir | 789.032.846 | 793.944.561 |
| | 1.165.055.828 | 1.300.941.342 |

**7 Annar rekstrarkostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 222.268.242 | 214.800.950 |
| Byggingarvörur, almennar | 24.286.322 | 39.388.675 |
| Byggingarvörur, aðrar | 2.514.298 | 1.053.455 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 10.487.302 | 15.700.129 |
| Ýmis tæki og áhöld | 152.881.180 | 227.462.913 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 11.112.296 | 7.935.271 |
| Orkugjafar | 230.250.125 | 187.129.249 |
| Matvæli | 250.980.967 | 203.940.686 |
| Almennar rekstrarvörur | 48.301.790 | 39.009.349 |
| Vörukaup, almenn | 953.082.522 | 936.420.677 |
| Rannsóknarstofuefni | 234.784.224 | 208.265.906 |
| Lyf og tengd efni | 183.246 | 18.427 |
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 33.510.310 | 24.610.950 |
| Sjúkrahústæki og áhöld | 2.181.929 | 1.543.854 |
| Kennslu- og föndurvörur | 11.313.441 | 11.594.085 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 1.913.549 | 752.317 |
| Vörukaup, sérgreind | 283.886.699 | 246.785.539 |
| Fundir, námskeið, risna | 270.716.008 | 134.324.558 |
| Ferðir, uppihald | 587.339.780 | 194.478.211 |
| Akstur | 43.835.868 | 32.761.559 |
| Sérfræðiþjónusta | 1.222.535.943 | 1.033.586.503 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 11.023.475 | 8.196.498 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 149.271.648 | 162.243.891 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 111.050.955 | 85.111.388 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 2.395.773.677 | 1.650.702.608 |
| Afnotagjöld | 342.334.554 | 320.269.539 |
| Leigugjöld | 3.272.855.409 | 392.899.263 |
| Notkun véla og flutningatækja | 30.847.658 | 13.187.984 |
| Verkkaup | 831.746.272 | 442.772.443 |
| Kostnaðarhlutdeild | 25.015.704 | 406.679.435 |
| Áhættutap og bætur | 65.000 | 16.500 |
| Tryggingar, lögboðnar | 11.229.345 | 28.020.862 |
| Opinber gjöld | 77.877.086 | 362.650.299 |
| Tilfærslur | 325.000 | 0 |
| Tapaðar kröfur | (3.471.274) | 86.846.867 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 4.588.824.754 | 2.053.443.804 |
| Vörukaup | 1.487.119 | 930.288 |
| Vörukaup, umboðs- og endursala | 400.000 | 0 |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting | 1.887.119 | 930.288 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 8.223.454.771 | 4.888.282.916 |

# Skýringar

## 8 Afskriftir

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 639.378.442 | 473.814.230 |
| Farartæki og vélar | 20.897.636 | 10.061.667 |
| Fasteignir | 94.422.377 | 0 |
| Aðrar eignir | 35.100.596 | 47.309.474 |
| Sölutap og úreltar eignir | 1.691.416 | 0 |
| | 791.490.467 | 531.185.371 |

## 9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

| | | |
|---|---|---|
| Ýmsar fjármunatekjur | 130.316.881 | 28.020.987 |
| | 130.316.881 | 28.020.987 |

## 10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 1.267.581 | 875.313 |
| Gengistap, verðbreytingar | 10.762.057 | 145.375.821 |
| | 12.029.638 | 146.251.134 |

## 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 1.842.030.672 | 1.797.852.217 |
| Farartæki og vélar | 54.911.476 | 59.788.334 |
| Fasteignir | 1.794.025.166 | 1.888.767.626 |
| Verk í vinnslu, nýbyggingar | 346.807.729 | 128.586.522 |
| Verk í vinnslu, áhöld, tæki og búnaður | 439.059.032 | 166.003.544 |
| Aðrar eignir | 37.959.072 | 71.059.714 |
| | 4.514.793.147 | 4.112.057.957 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Fasteignir og verk í vinnslu | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2022 | 5.212.041.563 | 117.466.961 | 2.183.357.692 | 603.024.157 | 8.115.890.373 |
| Viðbætur á árinu | 685.248.313 | 16.020.778 | 490.956.612 | 2.000.000 | 1.194.225.703 |
| Selt/úrelt á árinu | (23.497.026) | 0 | 0 | 398.744 | (23.098.282) |
| | 5.873.792.850 | 133.487.739 | 2.674.314.304 | 605.422.901 | 9.287.017.794 |
| Afskriftir 01.01.2022 | 3.414.189.346 | 57.678.627 | 0 | 531.964.443 | 4.003.832.416 |
| Afskrift ársins | 639.378.442 | 20.897.636 | 94.422.377 | 35.100.596 | 789.799.051 |
| Selt/úrelt á árinu | (21.805.610) | 0 | 0 | 398.790 | (21.406.820) |
| | 4.031.762.178 | 78.576.263 | 94.422.377 | 567.463.829 | 4.772.224.647 |
| Staða 31.12.2022 | 1.842.030.672 | 54.911.476 | 2.579.891.927 | 37.959.072 | 4.514.793.147 |

## Skýringar

**12 Langtímakröfur**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin | 730.506.258 | 693.875.413 |
| | 730.506.258 | 693.875.413 |

Lánið ber óverðtryggða vexti skv. 4 gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu útgefnum af Seðlabanka Íslands.
Lánið er óverðtryggt og vextir greiddir eftir á, sem bætast við höfuðstól.
Lántaki skuldbindur sig til að greiða lánið upp með einni afborgun höfuðsstóls og vaxta þegar lánveitandi krefst þess.

**13 Eignarhlutir í öðrum félögum**

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Hlutdeild í afkomu | Matsverð |
|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð): | | | | |
| RH-net hf | 85,92% | 46.095.600 | (5.479.630) | 23.447.274 |
| Tæknigarður ehf | 100,00% | 16.000.000 | 1.540.297 | 102.977.144 |
| Visindagarðar ehf | 94,60% | 1.158.850.000 | 148.438.663 | 5.268.738.728 |
| Sprotar- eignarhaldsfélag HÍ ehf | 100,00% | 500.000 | 0 | 500.000 |
| Klak Innovit ehf | 20,72% | 4.220.664 | 3.703.439 | 14.865.022 |
| | | 1.225.666.264 | 148.202.769 | 5.410.528.168 |

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

**14 Viðskiptakröfur**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 535.425.845 | 581.437.624 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (8.660.138) | (12.131.412) |
| | 526.765.707 | 569.306.212 |
| | | |
| Viðskiptakröfur í íslenskum krónum | 434.736.780 | 464.112.668 |
| Viðskiptakröfur í erlendri mynt | 92.028.927 | 105.193.544 |
| | 526.765.707 | 569.306.212 |

**15 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 4.054.170.841 | 3.487.317.032 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 2.417.690.942 | 694.325.061 |
| | 6.471.861.783 | 4.181.642.093 |
| | | |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 3.114.152.784 | 393.375.858 |
| | 3.114.152.784 | 393.375.858 |

## Skýringar

### 16 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 337.099.097 | 1.042.263.366 |
| Skattar | 21.099.564 | 3.721.760 |
| | 358.198.661 | 1.045.985.126 |

### 17 Handbært fé

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 102.702 | 155.874 |
| Tékkareikningar | 2.032.641.668 | 3.132.894.919 |
| Sparisjóðsreikningar | 1.811.211.576 | 32.557.856 |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum | 3.605.402.298 | 2.960.778.914 |
| | 7.449.358.244 | 6.126.387.563 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 653,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 18 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | 7.508.341.051 | 6.373.564.117 |
| Afkoma ársins | 283.371.894 | 1.134.776.934 |
| Jöfnuður 31.12. | 7.791.712.945 | 7.508.341.051 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 19 Viðskiptaskuldir

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 688.053.255 | 492.013.213 |
| | 688.053.255 | 492.013.213 |
| Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum | 597.400.736 | 422.846.373 |
| Viðskiptaskuldir í erlendri mynt | 90.652.519 | 69.166.840 |
| | 688.053.255 | 492.013.213 |

### 20 Ýmsar skammtímaskuldir

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 1.736.305.908 | 1.699.147.831 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 4.247.421.979 | 4.339.436.912 |
| Önnur ógreidd gjöld | 346.020.109 | 418.366.469 |
| | 6.329.747.996 | 6.456.951.212 |

## Skýringar

**21 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 4.514.793.147 | 4.112.057.957 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 3.023.551.841 | 3.028.340.472 |
| | 7.538.344.988 | 7.140.398.429 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2022 | 4.112.057.957 | 3.028.340.472 | 7.140.398.429 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 414.300.000 | 414.300.000 |
| Framlag HHÍ til fjárfestinga | 0 | 775.000.000 | 775.000.000 |
| Áhrif seldra eigna | (46) | 137.072 | 137.026 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 1.194.225.703 | (1.194.225.703) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (791.490.467) | 0 | (791.490.467) |
| | 4.514.793.147 | 3.023.551.841 | 7.538.344.988 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 656,8 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

**22 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 3.556 milljónum, þar af kr. 3.195,7 milljónir til Fasteigna Háskóla Íslands ehf., og vegna þjónustu kr. 418,6 milljónum.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

*Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Staða tjónamáls vegna vatnsleka*

Umtalsvert vatnstjón varð á byggingum Háskóla Íslands í janúar 2021 eftir rof á kaldavatnslögn. Unnið hefur verið að endurbótum og nam heildarkostnaður um kr. 260 milljónir í árslok 2022. Snemma árs 2022 lá fyrir matsgerð vegna tjónsins. Óskað hefur verið yfirmats á tjóninu og einnig undirmats varðandi hluta þess sem ekki hafði verið metinn. Matsmenn hafa lokið skoðun en beðið er eftir niðurstöðu þeirra.

*Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.